



Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið
b.t. Skrifstofa stefnumörkunar og alþjóðamála
hvin@hvin.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 12. febrúar 2024

Efni: Áform um breytingar á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi (meðalhófsprófun við lögverndun nýrra starfa)

Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“ eða „SI“) hafa tekið til umsagnar áform um breytingar á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi (meðalhófsprófun við lögverndun nýrra starfa). Um er að ræða innleiðingu á tilskipun (ESB) 2018/958 um meðalhófsprófun við lögverndun nýrra starfa sem kveður á um að viðhöfð skuli rýni þegar EES-ríki telja koma til álitu að lögvernda ný störf eða þegar gildandi regluverk er endurskoðað. Þá er kveðið á um að rýna skuli skilyrðin fyrir aðgengi að störfum og hvort gætt sé meðalhófs við ákvarðanir þar um, í því samhengi skuli líta til eðli starfs og almannahagsmuna.

Innleiðing tilskipunarinnar fer fram með breytingu á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, nr. 26/2010. Í áformunum er sérstaklega vísað til laga nr. 19/2020 um breytingu á ýmsum lögum varðandi leyfisveitingar (einföldun regluverks) og samkeppnismats OECD frá 2020 sem unnið var samkvæmt samningi við íslensk stjórnöld. Í umræddu samkeppnismati var m.a. fjallað um löggiltar starfsgreinar og lagðar fram tillögur um aðgerðir til einföldunar. Samtökin leggja áherslu á að þegar hafa verið gerðar viðeigandi ráðstafanir í samræmi við tillögur OECD. Má þar m.a. nefna breytingu á reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999, frá ágúst 2022, þar sem ráðherra ýmist felldi niður eða sameinaði 16 lögverndaðar iðngreinar. Þá var kerfi meistaráréttinda endurskoðað og vísast þar í Leið A þar sem iðnaðarmönnum var gert auðveldara fyrir að afla sér meistaráréttinda. Í því samhengi vilja samtökin einnig benda á að styrkleiki iðnmenntakerfisins hefur verið viðurkenndur af OECD en í skýrslu frá 2013 um starfsmenntun á Íslandi benti OECD á að það væri meðal styrkleika Íslands að hér sé sterkt iðnnámskerfi innan löggilttra starfsgreina sem byggir á árangursríku jafnvægi milli starfsþjálfunar á vinnustað og utan hans og skýrum valkostum um framhaldsmenntun til iðnmeistararéttinda eða eftir öðrum leiðum.

Að mati samtakanna hefur þannig verið tekið tillit til samkeppnismats OECD hvað það varðar. Hvað aðra þætti umræddra áforma varðar vilja samtökin koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Lög um handiðnað nr. 42/1978 liggja til grundvallar iðnrekstri á Íslandi og er ætlað að skapa hvata fyrir einstaklinga til að sækja sér iðnmenntun og vissu fyrir neytendur um að þeir einstaklingar sem veita þjónustu á sviði handiðnaðar hafi tilskilda færni. Í ljósi þess að ríkir almannahagsmunir eru til staðar þegar kemur að því að vera með öflugt iðnám og fagleg vinnubrögð vilja samtökin áréttu þá afstöðu sína að endurskoðun á löggildingu iðngreina komi ekki til greina án samráðs við greinarnar sjálfar. Þá vilja samtökin áréttu að lítið sem ekkert opinbert eftirlit er til staðar með lögvernduðum iðngreinum. En samtökin hafa talað fyrir



viðeigandi eftirliti með lögvernuðum iðngreinum um árabíl. Að mati samtakanna skýtur það skökku við að stjórnvöld leiti leiða til að draga úr hæfisskilyrðum þegar ekki er til staðar eftirlitskerfi sem tryggir almannahagsmuni né öryggissjónarmið.

Löggilding iðngreina hefur lengi verið mikilvægur þáttur í íslensku iðnmenntakerfi og í iðnaði. Þúsundir manna starfa í umræddum greinum og hafa öðlast starfsréttindi sem eru byggð á lögum. Samtökin mótmæla fyrirhuguðum áformum með vísan til aðgerða sem stjórnvöld hafa þegar framkvæmt í samræmi við tillögur OECD ásamt skorts á eftirliti með löggiltum iðngreinum. Samtökin áskilja sér rétt til að koma á framfæri athugasemdum þegar frekari upplýsingar um áform þessi liggja fyrir.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, reading 'Hulda B. Kjærnested Baldursdóttir', written over a horizontal line.

Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir
verkefnastjóri í mennta- og mannauðsmálum